

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson
Umhverfis- og auðlindaráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Ísafirði 14. október 2014

Efni og ályktanir 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vill með bréfi þessu vekja athygli Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á ályktunum og umfjöllunarefnum 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga sem haldið var þann 3. og 4. október s.l. á Þingeyri í Dýrafirði.

Málefni þingsins voru atvinnu og byggðapróun svæðisins og sóknaráætlun landshluta. Einnig var lögð áhersla á það hvernig efla megi grunnskólana á Vestfjörðum. Áætlað var að fá fyrirlesara um málefnið að sunnan, en vegna veðurs var ekki hægt að fljúga til Ísafjarðar og féll því sá liður á þinginu niður. Málefnið voru hinsvegar rædd ítarlega á þinginu af sveitarstjórnarmönnum.

Þingið afgreiddi 20 ályktanir á þessu þingi og vill stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vekja athygli ráðuneytisins á þeim ályktunum sem sterta málaflokka þess.

- Ályktun um Sóknaráætlun landshluta bls. 4 í skjali
- Ályktun um skort á samræmi milli byggðastefnu stjórnvalda og fjárlaga bls. 4 í skjali.
- Ályktun um sjávarflóð, hættumat og strandsvæðaskipulag bls. 8 í skjali.
- Ályktun um svæðisskipulag Vestfjarða bls. 9 í skjali.
- Ályktun um nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða bls. 9 í skjali.

Hér með er óskað að ofangreindar ályktanir verði teknar til umfjöllunar í ráðuneytinu og þeim stofnunum og nefndum sem undir það heyra. Vísast þá einnig til þinggerðar og annarra gagna þingsins því til stuðnings sem finna má á heimasíðu sambandsins.

http://vestfirdir.is/fjordingssambandid/59_fjordingsting_2014/

Virðingarfyllt
Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri